

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 127 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 31. október 2023 kl. 12:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins, Sigurbergur Ármannsson, Sæunn Magnúsdóttir og Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri. Rannveig Ísfjörð boðaði forföll.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru tveir dagskrárliðir:

1. **9 mánaða uppgjör.**

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur og farþegatölur fyrstu 9 mánuði 2023. Honum er þökkuð yfirferðin.

2. **Önnur mál.**

Rætt var um dýpi í Landeyjahöfn, lítur ekki vel út í augnablikinu. Tillaga kom frá stjórnarformanni að stofna stýrihóp varðandi vöktun og dýpkun í höfninni. Stjórn samþykkir og felur framkvæmdastjóra að ræða við hagsmunaaðila.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 12. des. 2023.

Fundi slitið kl. 13:00

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.